

Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 21/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gísli Páli Oddssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða, og gaf ákærvald út stefnu 17. janúar 1995. Ákærði krefst þess, að hann verði sýknaður, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Hann reisir kröfur sínar á d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, sbr. og 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Auk þessa vísar hann til 2. gr. samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Ingi Tryggvason dómarafulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Fyrir héraðsdómi lýsti Þórir Bergmundsson læknir því, hvernig ráða megi af útliti nefs, þ. e. húðinni yfir nefbeininu, í tilvikum sem þessum, hvernig áverkni sé til kominn. Sé nef aflagað, án þess að sjáist á húðinni, sé líklegt, að eitthvað mjúkt, þ. e. eitthvað annað en steinhart, hafi valdið áverkanum, t. d. hnefi eða hné. Komi áverkinn af einhverju hörðu, t. d. steinsteypu eða malbiki, sé líklegt, að sjáist á húðinni. Vitnið sagði, að áverkinn í þessu máli „hafi komið undan t. d. hnefa, olnboga eða hné“ og höggið „hafi annaðhvort komið beint framan á nefið eða frá annarri hlið, en ekki undir nefið“. Með hliðsjón af framburði þessum, sem á engan hátt hefur verið vefengdur, verður að telja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að áverkni kæranda hafi hlotist af hnefahöggi í andlitið. Að þessu virtu og með vís-

an til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að vitnið María I. Gunnbjörnsdóttir læknir bar fyrir héraðsdómi eingöngu um frásögn kæranda um atburðinn. Verður ekki stuðst við framburð hennar í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Gísli Páll Oddsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddson hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Arnjlóts Björnssonar

Í máli þessu er ekki til úrlausnar að endurskoða niðurstöður, sem reistar eru á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi, sjá c-lið 147. gr. og 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. og 19. gr. laga nr. 37/1994. Með nýmælum þeim, sem felast í greindum lagaákvæðum, voru hins vegar eigi gerðar breytingar á reglum réttarfars um sönnunarbyrði.

Þegar eftir atburð þann, sem mál þetta er risið af, skýrði vitnið Gunnlaugur Guðlaugsson lögreglu frá því, að ákærði hefði slegið sig hnefahögg á nefið með þeim afleiðingum, sem greindar eru í héraðsdómi. Vitnið staðfesti framburð þennan fyrir dómi.

Ákærði neitaði frá öndverðu staðfastlega að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Engir sjónarvottar voru að því, sem þessum mönnum fór á milli umrætt sinn. Í vitnisburði Þóris Bergmundssonar læknis, sem gerði að nefbroti slasaða nokkrum dögum eftir atburðinn, kemur m. a. fram, að ekki sé unnt að „útiloka, að sléttur flötur hafi valdið áverkanum“.

Þótt sönnunargögn málsins veiti nokkrar líkur fyrir því, að frásögn vitnisins Gunnlaugs Guðlaugssonar um orsök áverka hans geti

verið rétt, þykir sekt ákærða í refsímáli þessu ekki nægilega sönnuð, þegar litið er til þeirrar grunnreglu, sem fram kemur í 45. gr. laga nr. 19/1991. Tel ég því, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds og að leggja beri sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað á ríkissjóð.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 20. desember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 20. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-48/1994: Ákæruvaldið gegn Gísla Páli Oddssyni, sem tek-ið var til dóms 15. desember 1994.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. nóvember 1994, á hendur ákærða, Gísla Páli Oddssyni, Hjarðarholti 7, Akranesi, fæddum 1. október 1974, fæðingarnúmer 545. Dómari fékk málið til meðferðar 9. nóvember 1994 og gaf út fyrirfall í því 10. sama mánaðar. Var málið þingfest 25. nóvember sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 18. desember 1993 við veitingastaðinn Kúttar Harald á Akranesi slegið Gunnlaug Guðlaugsson, fæddan 27. september 1973, hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur Gunnlaugur Guðlaugsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 169.791 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. desember 1993 til greiðsludags“.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 18. desember 1993 var óskað lögregluaðstoðar að veitingastaðnum Kúttar Haraldi á Akranesi vegna nefbrotsins manns. Á vettvangi hittu lögreglumenn fyrir hinn slasaða, er reyndist vera kærandi máls þessa, Gunnlaugur Guðlaugsson. Í frumskýrslu lögreglu segir, að nef mannsins hafi verið greinilega skakkt. Var Gunnlaugur fluttur á sjúkrahús Akraness til skoðunar.

Tvö áverkavottorð hafa verið lögð fram í málinu. Í vottorði Maríu I. Gunnbjörnsdóttur, aðstoðarlæknis á Sjúkrahúsi Akraness, dags. 20. desember 1993, segir m. a. um áverka Gunnlaugs, er hann kom fyrst til skoðunar: „Aðeins storknað blóð á vörunum og hann skyrpir blóði í vask en engin nefblæðing. Nefið er greinilega skakkt og devierar yfir til hægri. Getur þó

andað með báðum nösum. Ég lít upp í nefið en sé ekki með vissu neina deviation. Aðeins er togað í nefið og reynt að rétta það, þá minnkar skekkjan heldur en það fæst ekki alveg beint.“

Í vottorði Þóris Bergmundssonar læknis, dags. 28. desember 1993, segir m. a.: „Það vottast hér með að 23. 2. sl. (á að vera 23. 12) gekkst Gunnlaugur undir aðgerð vegna nefbrots . . . Bæði hæ. og vi. nefbein voru brotin. Gekk auðveldlega að rétta þau af í staðdeyfinu. Að aðgerð lokinni var lega beinanna ágæt. Líkur á varanlegum meinum vegna nefbrotsins og aðgerðarinnar eru sáralitlar taldar.“

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 10. janúar 1994 og kom fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins 15. desember sl. Verður framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi rakinn sameiginlega, en þess getið sérstaklega, er þar ber í milli í einhverjum atriðum, sem máli þykja skipta.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði verið á dansleik á veitingastaðnum Kúttar Haraldi, Akranesi, aðfaranótt laugardagsins 18. desember 1993 og verið að dansa, er hann hafi tekið eftir tveimur mönnum, er síðar reyndust vera kærandi máls þessa og Valgeir Þór Guðjónsson, á dansgólfinu, er hafi verið að benda eitthvað á sig. Ákærði kvaðst þá hafa farið til þeirra og beðið þá að koma með sér út úr húsinu, þar sem hann hefði viljað vita, hvað þeir hefðu verið að ræða um. Mennirnir hefðu gengið á eftir sér út úr húsinu og þeir staðnæmst á bifreiðastæði fyrir utan veitingastaðinn. Fyrir lögreglu skýrði ákærði svo frá, að hann hefði spurt mennina, hvort þeir vildu slást, og ýtt við þeim, en þeir ekki verið tilbúnir í átök. Fyrir dómi kvað ákærði þetta ekki rétt og kvað þá aðeins hafa rætt saman og þá aðallega hann og Valgeir, er ákærði kannaðist lítilllega við. Ákærði gaf þá skýringu á þessum þætti í framburði sínum fyrir lögreglu, að hann hefði látið þetta standa svona, þar sem hann hefði viljað losna úr yfirheyrslunni.

Ákærði lýsti því, að eftir að viðræðum þeirra lauk, hefði Valgeir gengið fyrstur áleiðis inn í húsið aftur, en ákærði á eftir honum, en kærandi málsins, Gunnlaugur, síðastur. Er ákærði hefði verið miðja veginni milli húshornsins og inngangsins á húsinu, hefði Gunnlaugur komið hlaupandi og haldið annarri hendi fyrir andlitinu. Hefði Gunnlaugur farið á undan ákærða inn í húsið og ákærði ekki séð hann eftir það. Ákærði gat enga skýringu gefið á því, hvað hafði hent Gunnlaug, en kvaðst hafa frétt það seinna, að hann hefði nefbrotnað. Ákærði taldi hugsanlegt, að Gunnlaugur hefði dottið og þá án þess að ákærði eða Valgeir hefðu veitt því athygli.

Ákærði neitaði því að hafa lent í átökum við Valgeir og Gunnlaug fyrir utan veitingastaðinn eða látið hendur skipta með einhverjum hætti.

Ákærði hefur hafnað að greiða skaðabótakröfu Gunnlaugs Guðlaugssonar.

Fyrir dóminn hafa verið kvödd nokkur vitni. Þau eru kærandi málsins, Gunnlaugur Guðlaugsson, Gyðufelli 4, og María I. Gunnbjörnsdóttir, Grenimel 35, bæði í Reykjavík, Valgeir Þór Guðjónsson, Esjuvöllum 22, Gísli Breiðfjörð Árnason, Suðurgötu 88, Þórir Bergmundsson, Jörundarholti 134, Viðar Stefánsson, Furugrund 33, og Pálmi Þór Ævarsson, Jörundarholti 29, allir á Akranesi. Vitnin Gunnlaugur, Gísli og Valgeir gáfu og skýrslu fyrir lögreglu. Verður framburður þeirra hjá lögreglu og fyrir dómi rakinn sameiginlega, en þess getið sérstaklega, ef þar ber á milli í einhverjum atriðum, er máli þykja skipta.

Vitnið Gunnlaugur Guðlaugsson, kærandi málsins, lagði fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglu 23. desember 1993 og kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið að skemmta sér á veitingastaðnum Kúttar Haraldi, Akranesi, m. a. með Valgeiri Þór Guðjónssyni, umrætt kvöld. Hefðu þeir félagarnir verið að dansa ásamt fleirum, er ákærði hefði reynt að þröngva sér inn í hóp þeirra. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt ákærða, en Valgeir farið að ræða við sig og þeir síðan allir farið út úr húsinu og út á bifreiðastæði við hlið skemmtistaðarins. Þar hefði ákærði byrjað með einhver leiðindi og sagst ætla að berja þá félagana, en þeir hent gaman að því. Ákærði hefði tekið í skyrtu vitnisins, en sleppt takinu, en þá ráðist á Valgeir, en Valgeiri tekist að hrista hann af sér og hlaupið áleiðis inn í húsið og vitnið á eftir honum. Vitnið kvaðst hafa hlaupið fyrir aftan bifreiðar, er voru á stæðinu, og er það hefði verið komið fram hjá ljósastaur, er stendur rétt innan við húshornið, hefði það tekið eftir, að ákærði var að ná því. Vitnið kvaðst þá hafa snúið sér við, en þá fengið högg á nefið frá ákærða og strax farið að blæða úr nefinu. Vitnið kvaðst þá hafa farið inn á veitingastaðinn og ekki séð ákærða eftir það, en lögregla komið fljótlega á vettvang og flutt vitnið á sjúkrahús til aðhlynningar.

Vitnið Valgeir Þór Guðjónsson, atvinnulaus, gaf skýrslu hjá lögreglu 4. janúar 1994 og kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið skýrði mjög á sama veg frá atvikum og vitnið Gunnlaugur um aðdraganda þess, að þeir fóru með ákærða út af veitingastaðnum. Vitnið kvað þá ákærða hafa ræðst við fyrir utan veitingastaðinn, en ákærði verið æstur og þeir allir tuskast eitthvað. Vitnið sagði ákærða hafa haft í hótunum við þá féлага og þeir orðið að beita handaflí til að bægja honum frá sér. Fyrir lögreglu skýrði vitnið svo frá, að endað hefði með því, að vitnið hefði ýtt ákærða frá sér og gengið áleiðis inn í húsið og Gunnlaugur á eftir, en hann allt í einu hlaupið fram hjá vitninu og á undan því inn í húsið. Fyrir dómi skýrði vitnið svo frá, að það hefði gengið frá ákærða og Gunnlaugi, en þeir

orðið eftir við hlið hússins. Skömmu síðar, 5 til 10 mínútum, hefði Gunnlaugur komið hlaupandi, þar sem vitnið hefði verið að ræða við mann fyrir utan húsið. Gunnlaugur hefði farið inn í húsið og vitnið á eftir honum, og kvað vitnið Gunnlaug hafa skýrt sér frá því, að ákærði hefði slegið hann. Vitnið sagði ákærða ekki hafa reynt að koma í veg fyrir, að það færi aftur inn í húsið.

Vitnið Gísli Breiðfjörð Árnason, atvinnulaus, gaf skýrslu hjá lögreglu 14. janúar 1994 og kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði rekið veitingastaðinn Kúttur Harald, þegar umræddur atburður varð, og verið við störf á staðnum umrætt kvöld. Vitnið kvaðst hafa verið statt í anddyri veitingastadarins, er tveir menn komu inn í húsið, og hefði blætt mikið úr andliti annars þeirra. Greinilegt hefði verið, að maðurinn væri nefbrotinn, því að hann hefði getað fært til nefið á sér. Annar mannanna hefði skýrt vitninu frá því, að ákærði hefði slegið manninn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða á vettvangi.

Vitnið Þórir Bergmundsson læknir kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið kvaðst hafa gert aðgerð á nefi Gunnlaugs Guðlaugssonar eftir umrætt atvik. Af áverkanum hefði mátt ráða, að langlíklegast væri, að hann væri til kominn vegna höggs frá einhverju „mjúku“, t. d. hnefa eða hné, þar sem ekki hefði sést á húðinni á nefinu. Vitnið sagði, að ekki væri óhugsandi, að sléttur flötur hefði valdið áverkanum. Höggið, sem hefði annaðhvort komið beint framan á nefið eða á hlið, hefði verið umtalsvert, því að bæði nefbeinin hefðu verið brotin. Vitnið upplýsti, að aðgerðin á Gunnlaugi hefði tekist vel og litlar líkur væru á varanlegum skaða.

Vitnið María I. Gunnbjörnsdóttir læknir kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið kvaðst hafa skoðað Gunnlaug Guðlaugsson nóttina, sem atvikið varð. Hefði hann verið með skakkt nef og röntgenmynd staðfest, að hann væri nefbrotinn. Vitnið sagði, að frásögn Gunnlaugs af atburðum hefði verið trúverðug og ekki ástæða til að rengja hana, þó að vitnið treysti sér ekki til að segja til um, hvernig áverkinn hefði verið til kominn. Vitnið kvaðst ekki hafa náð að rétta skekkjuna á nefinu fullkomlega og því vísað Gunnlaugi á sérfræðing.

Vitnið Viðar Stefánsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða vegna málsins. Vottur hefði ekki verið viðstaddur skýrslutökuna, en Pálmi Þór Ævarsson hefði verið viðstaddur, er ákærði las skýrsluna yfir og undirritaði hana. Vitnið kvaðst

ekki á nokkurn hátt hafa haft áhrif á framburð ákærða, og skýrsla hans hjá lögreglu væri framburður ákærða eftir spurningar vitnisins.

Vitnið Pálmi Þór Ævarsson lögreglumaður kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 15. desember sl.

Vitnið kannaðist við að hafa vottað skýrslu, er Viðar Stefánsson tók af ákærða vegna málsins. Vitnið kvaðst hafa komið inn í herbergið, þar sem yfirheyrslan fór fram, þegar ákærði hefði verið að lesa skýrsluna yfir, og verið viðstatt, er hann undirritaði hana. Vitnið kvað ákærða engar athugasemdir hafa gert við efni skýrslunnar, áður en hann ritaði undir hana.

Niðurstæða.

Ákærði hefur neitað sakargiftum í máli þessu, en fyrir lögreglu skýrði hann m. a. svo frá, að hann hefði spurt kæranda máls þessa og félaga hans, Valgeir Þór, hvort þeir vildu slást, er þeir voru komnir út af veitingastaðnum. Fyrir dómi kvað ákærði þetta ekki rétt og kvaðst hafa skýrt svona frá til að losna úr yfirheyrslunni. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að þessi þáttur í framburði ákærða hafi verið fenginn fram með óeðlilegum hætti, og er ekki fram komin viðhlítandi skýring á þessum breytta framburði ákærða.

Kærandi máls þessa, Gunnlaugur, hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi slegið sig í andlitið og valdið þeim áverka, sem í ákæru greinir. Þá hefur hann borið, að ákærði hafi gert sig líklegan til að ráðast á sig, en síðan ráðist á Valgeir Þór fyrir utan veitingastaðinn, en Valgeiri tekist að hrista hann af sér.

Valgeir Þór hefur borið, að þeir Gunnlaugur og ákærði hafi tuskast eitt-hvað, en Valgeir Þór síðan gengið fyrstur áleiðis inn í húsið aftur. En skömmu síðar hafi Gunnlaugur komið hlaupandi og hlaupið á undan Valgeiri Þór inn í húsið. Hafi Gunnlaugur tjáð sér, að ákærði hefði slegið sig í andlitið.

Starfsmaður á veitingastaðnum, Gísli Breiðfjörð, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur í anddyri staðarins, er tveir menn hafi komið inn í húsið, og hafi fossblætt úr andliti annars þeirra. Annar mannanna hafi skýrt frá því, að ákærði hefði slegið hinn slasaða.

María I. Gunnbjörnsdóttir læknir, sem meðhöndlaði kæranda eftir atvik-ið, hefur skýrt frá því, að framburður kæranda um nóttina hafi verið trú-verðugur um það, hvernig áverkinn var til kominn.

Þórir Bergmundsson læknir, er gerði aðgerð á kæranda vegna áverkans, er hann hlaut, hefur lýst því, að langlíklegast sé, að áverkinn hafi hlotist af einhverju „mjúku“, t. d. hnefa eða hné. Hefði áverkinn komið vegna falls á

steinsteypu eða malbik, væri mjög líklegt, að það hefði sést á húðinni. Höggið hefði verið umtalsvert, því að bæði nefbein hefðu verið brotin.

Pegar framangreint er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök, og er hún rétt færð til refsíákvæða í ákæru. Enda er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að kærandi hafi getað hlotið áverkann á annan hátt en af völdum ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir viðurlagaákvörðun í september 1992 fyrir umferðarlagabrot, og í september 1993 gekkst hann undir lögreglustjórásátt fyrir brot á ölvunarakstursákvæðum umferðarlaga.

Með vísan til atvika málsins og þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á hegningarlögum, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Eins og á stendur, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar þannig, að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Trygvi Bjarnason héraðsdómslögmaður hefur með bréfi, dagsettu 30. desember 1993, sett fram skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna Gunnlaugs Guðlaugssonar. Er skaðabótakrafan sundurliðuð á eftirgreindan hátt:

Lækniskostnaður	kr.	10.512
Vinnutap	–	4.892
Lögmannskostnaður	–	4.357
Miskabætur	–	150.000
Samtals		kr. 169.761

Í ákæru er bótakrafan sögð hljóða upp á 169.791 krónu, og virðist þar vera um misritun að ræða.

Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. desember 1993 til greiðsludags.

Verjandi ákærða hefur mótmælt kröfunni um miskabætur sérstaklega og krafðist þess, að sá þáttur hennar yrði lækkaður verulega, kæmi til sakfellingar.

Með saknæmri háttsemi sinni í máli þessu er ákærði bótaskyldur fyrir sönnuðu tjóni kæranda. Til styrktar liðnum lækniskostnaði hafa verið lagðar fram kvittanir, og verður ákærði dæmdur til að greiða þann lið að fullu, 10.512 krónur. Þá hefur verið lögð fram yfirlýsing frá vinnuveitanda kæranda um launatap hans vegna lækniaðgerðar, og verður því ákærði dæmdur til að greiða þann lið, 4.892 krónur. Þá þykir kærandi, Gunnlaugur Guðlaugsson, eiga rétt á bótum fyrir ófjárhagslegt tjón, svo sem krafist er, og

þykja þær bætur hæfilega ákvarðaðar 40.000 krónur. Þá hefur umboðsmaður kæranda krafist þess fyrir hönd hans, að ákærði verði dæmdur til greiðslu lögmanskostnaðar, að fjárhæð 4.357 krónur. Samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 skulu tjónþola dæmdar bætur vegna kostnaðar, sem hann hefur haft af því að halda uppi kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmanskostnaðar. Þykir þessi liður kröfunnar eðlilegur, og verður því ákærði dæmdur til að greiða þann lið, 4.357 krónur. Skaðabótakrafan beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Páll Oddsson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Gunnlaugi Guðlaugssyni 59.761 krónu í skaðabætur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, auk virðisaukaskatts.
